

Ársskýrsla 2024

FRAMVEGIS

● ● ● ● Miðstöð símenntunar

Ársskýrsla 2024

@ Framvegis miðstöð símenntunar

Ábyrgðamaður Vigdís Þyri Ásmundsdóttir

Borgartún 20

105 Reykjavík

Sími 581 1900

Netfang framvegis@framvegis.is

Veffang www.framvegis.is

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Inngangur framkvæmdastjóra	3
Stjórn Framvegis og skipurit	8
Fræðslustarfið 2024	10
Námskeið fyrir sjúkraliða	11
Námskeið	14
Gott að vita - fyrirlestrar og námskeiðaröð Sameykis	16
Námsleiðir framhaldsfræðslunnar	18
Náms- og starfsráðgjöf	23
Raunfærnimat	24
Árangursrík framþróun	26
Ársreikningur 2024	29

Ávarp stjórnarformanns



Starfsemi Framvegis gekk vel á árinu 2024 og var ánægjulegt að sjá miðstöðina taka þátt í mörgum inngildandi verkefnum. Þar á meðal má nefna Færniþjálfun á vinnumarkaði, sem snýst um að auka starfshæfni fatlaðra einstaklinga og er hluti af inngildingarstefnu stjórnvalda. Einnig má nefna samstarfsverkefni við Hring sjá sem snýr að náms- og starfsendurhæfingu og íslenskunámskeið fyrir fólk af erlendum uppruna.

Við lifum á tímum þar sem samfélög eru að breytast hratt. Þau verða sífellt fjölbreyttari, bæði hvað varðar menningu, tungumál, uppruna, lífsreynslu og framtíðarsýn fólks. Þessi fjölbreytileiki er ekki áskorun sem þarf að yfirstíga, heldur er hann auðlind. Fjölbreytileikinn býður upp á dýpri samræðu, víðari sýn og ríkara samfélag. En til þess að við getum notið hans til fulls, verðum við að tryggja inngildingu, það er að allir upplifi að þeir séu séðir, metnir og velkomnir.

Inngilding (e. inclusion) er meira en stefna eða markmið á blaði. Hún er hugarfarsbreyting og raunveruleg aðgerð; vilji til að hlusta, aðlaga og breyta. Hún snýst um að skapa umhverfi þar sem allir hafa jafnan aðgang að tækifærum, óháð bakgrunni, aldri, líkamlegri getu, kynhneigð, kynvitund, trú eða félagslegri stöðu. Hún byggir á skilningi á því að við höfum ekki öll sömu byrjun í lífinu, og að réttlæti felst oft í því að veita meira þar sem þörfin er mest.

Framvegis sem símenntunarmiðstöð hefur einstakt hlutverk í þessu samhengi. Okkar starf snýst meðal annars um að tengja fólk við ný tækifæri, byggja brýr á milli ólíkra reynsluheima

og styrkja sjálfstraust þeirra sem kannski hafa ekki alltaf upplifað sig sem þátttakendur. Með fjölbreyttu námsframboði, aðgengilegum kennsluháttum og virku samstarfi við samfélagið getum við verið afl breytinga. Við getum skapað rými þar sem fólk fær að blómstra – ekki þrátt fyrir, heldur vegna þeirrar fjölbreytni sem það býr yfir.

Leiðirnar að inngildandi samfélagi eru margar en hér er mikilvægast að nefna viðhorf, að við séum meðvituð um okkar eigin forréttindi og fordóma. Þetta krefst gagnrýnnar sjálfskoðunar, en líka hlýju og auðmýktar í garð annarra. Sem kallar á samtal og samvinnu, það er að við tölum ekki um fólk, heldur við fólk.

Inngilding er ekki lokatakmark, hún er í raun stöðugt ferðalag. Hún krefst þess að við spyrjum reglulega: Hver er ekki með? Hver fær ekki rödd? Hverjir upplifa sig ósýnilega? Og hvað getum við gert í dag til að breyta því?

Við hjá Framvegis tökum þessa spurningu alvarlega. Við vitum að símenntun snýst ekki bara um að fræða fólk, hún er líka félagsleg aðgerð. Hún getur verið leiðin að aukinni þátttöku, eflingu sjálfsmyndar og bættum lífsgæðum. Og þegar einstaklingar blómstra, þá blómstrar samfélagið allt.

Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka starfsfólki fyrir öflugt starf á árinu 2024. Starfsfólki, samstarfsaðilum og stjórnarfólki þakka ég fyrir ánægjulegt samstarf.

Reykjavík, 6. maí 2025

Jóhanna Þórdórsdóttir
stjórnarformaður Framvegis

Inngangur framkvæmdastjóra



Undanfarin ár hefur starfsemi Framvegis einkennst af umbreytingum og mikilli grósku. Árið 2024 var engin undantekning og var það í senn kerfjandi og lærdómsríkt hjá miðstöðinni. Aukning var í meginstöðum starfseminnar og með framsýni tókst einstaklega vel að mæta eftirspurn eftir námi og annarri þjónustu sem miðstöðin hefur veg og vanda af. Við leggjum okkur ávallt fram um að veita faglega þjónustu og styðja við menntun og færni í þágu framtíðar.

Í fyrsta skipti í sögu Framvegis var sótt um fjármagn hjá Rannís til íslenskukennslu fyrir fólk af erlendum uppruna. Þetta er eðlileg skref og í samræmi við þá þróun sem hefur verið í fullorðinsfræðslu hjá miðstöðinni. Einstaklingar með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn hafa á síðustu misserum orðið fjölmennur hópur hjá miðstöðinni, sem á sér að einhverju leyti skírskotun til fjölgunar innflytjenda á Íslandi.

Mikilvæg umræða hefur átt sér stað um stöðu íslenskukennslu, bæði innan vettvangs fullorðinsfræðslunnar sem og víðar í samfélaginu. Í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar er áhersla á að innflytjendur fái tækifæri til að læra íslensku og taka virkan þátt í samfélaginu. Íslenska er lykilatriði við að skapa inngildandi samfélag. Menntun er einn af hornsteinum samfélagsins og grundvallast á getu stjórnvalda og menntakerfisins til þess að skapa tækifæri og aðgengi að menntun óháð búsetu, efnahag eða uppruna.

Sí- og endurmenntun gegnir lykilhlutverki í ævimenntun fólks. Á árinu vann Framvegis í nánú samstarfi við helstu samstarfsaðila að því

að bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri sem stuðla að persónulegum þroska, félagslegri samheldni og virkri þátttöku í lýðræðissamfélagi. Aukinn fókus var lagður á að bregðast við þörf fyrir hæfni sem nýtist í ljósi stafrænnar þróunar og síbreytilegra krafna á vinnumarkaði. Líkt og áður var megináherslan lögð á að mæta einstaklingum á þeirra eigin forsendum, samhliða því að styðja við markmið samstarfsaðila og þarfir atvinnulífsins.

Um mitt ár 2024 kom út á Íslandi skýrsla um inngildandi aðgerðir fyrir fólk með fötlun. Í kjölfarið hófst þróun á nýju starfstengdu námi sem miðar að því að veita einstaklingum með fötlun tækifæri til að ljúka námi með Fagbréfi atvinnulífsins. Verkefnið var unnið í nánú samstarfi Vinnumálastofnunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Fjölmennntar með þátttöku símenntunarmiðstöðva á landsvísu. Framvegis tók virkan þátt í verkefninu og lagði sitt af mörkum við þróun virðisaukandi náms-tækifæra sem styðja við inngildingu og tryggja jöfn tækifæri á vinnumarkaði. Verkefnið hefur reynst afar þýðingarmikið og er í fullu samræmi við hlutverk og markmið Framvegis. Stefnt er að áframhaldandi þróun og festingu þess í sessi sem varanlegum hluta af fræðsluframboði fyrir fólk með fötlun.

Framvegis er þekkingarmiðuð símenntunarmiðstöð og leggjum við ríka áhersla á að vinna markvisst með helstu markhópum miðstöðvarinnar. Á árinu var unnin ítarleg fræðslukönnun í samstarfi við Sjúkraliðafélag Íslands, sem lögð var fyrir alla félagsmenn. Markmið könnunarinnar var að greina fræðsluþarfir starfandi sjúkraliða með það

að leiðarljósi að þróa námskeið og fræðslu sem styður við starfsþróun, eflir fagvitund og styrkir stöðu sjúkraliða innan heilbrigðiskerfisins. Áfram hélt sú jákvæða þróun að sjúkraliðar voru iðnir við að sækja sér símenntun. Aldrei hafa jafn mörg námskeið staðið þeim til boða og á árinu.


Framkvæmd og þróun raunfærnimats á móti sjúkraliðabraut hefur verið veigamikill þáttur í starfsemi Framvegis. Matið er öflugur hvati fyrir einstaklinga til náms á sjúkraliðabraut og til frekari starfa í heilbrigðiskerfinu. Viðurkenning á þekkingu, færni og reynslu styður við hæfnipróun einstaklinga og skapar brú á milli reynslu og formlegrar menntunar. Áhugi og aðsókn í raunfærnimatið hefur aukist jafnt og þétt undafarin misseri sem er jákvætt í ljósi þess að vöntun er á sjúkraliðum til starfa.

Kröfur um færniþróun og menntun hafa aukist samhliða hröðum tæknibreytingum og flóknari vinnumarkaði. Símenntunarmiðstöðvar eru í lykilhlutverki til að mæta kvikri þörf vinnu- markaðarins fyrir breytilega færni. Verkefni framundan felast í því að halda áfram að nýta okkur þá þekkingu sem við höfum aflað á síðustu árum og nýta hana til að mæta framtíðaráskorunum af krafti.

Ég vil færa starfsfólki Framvegis innilegar þakkir fyrir ómetanlegt framlag og framúrskarandi vinnu. Þekking, elja og einlægur metnaður starfsfólksins eru hornsteinar þeirrar starfsemi sem við sinnum. Einnig færi ég stjórninni þakkir fyrir traustan stuðning og gott samstarf sem hefur verið okkur mikilvægt í sameiginlegri vegferð.

Reykjavík, 10. maí 2025

Vigdís Þyri Ásmundsdóttir
framkvæmdastjóri Framvegis




Starfsemin


Fræðslustarf Framvegis var bæði fjölbreytt og víðfeðmt á árinu. Í fyrsta sinn bauð miðstöðin upp á íslenskunám fyrir fólk af erlendum uppruna sem er mikilvæg nýbreytni og svarar ákalli þátttakenda og samfélagsins um aukið tungumálanám. Þessi þróun markar tímamót í starfi Framvegis og styrkir innviði miðstöðvarinnar sem vettvangs fyrir inngildingu og jöfn tækifæri til náms. Við lifum í fjölmennningarlegu samfélagi, og sú fjölbreytni speglast í allri starfsemi Framvegis bæði í námsframboði og í þeim hópi sem sækir sér fræðslu og færniþjálfun hjá miðstöðinni. Fjöldi þátttakenda náði sögulegu

hámarki á árinu, og í samræmi við það jókst fjöldi nemendastunda verulega frá fyrra ári. Aukinn fjöldi endurspeglar einnig skýra þróun í átt að styttra og markvissara námi sem nýtist beint á vinnumarkaði. Símenntun fullorðinna gegnir lykilhlutverki í því að miðla og skapa þekkingu og veita einstaklingum tækifæri til að efla stöðu sína á vinnumarkaði. Hjá Framvegis starfar einstakur hópur starfsfólks sem vinnur hörðum höndum að því að mæta þörfum viðskiptavina og samstarfsaðila á hverjum tíma. Einstaklega vel gekk að koma til móts við eftirspurn eins og fram kemur hér fyrir neðan.

Heildarfjöldi þátttakenda




Nemendastundir



Næsta mynd sýnir samanburð á nemendastundum eftir námskeiðsflokkum á árunum 2022–2024. Heilt yfir fjölgaði nemendastundum hjá Framvegis á árinu 2024 miðað við árið á undan sem endurspeglar bæði aukna þátttöku og fjölbreyttara framboð náms. Nýr flokkur, íslenska sem annað mál, bættist við námsframboð Framvegis á árinu og hafði það töluverð áhrif á heildarfjölda nemendastunda. Flokkurinn náði strax mikilli útbreiðslu og svaraði skýrri þörf hjá vaxandi hópi innflytjenda. Gott að vita er fyrirlestra- og námskeiðaröð sem Framvegis heldur í samstarfi við Sameyki – stéttarfélag í almannabjónustu. Þátttaka í þessum flokki jókst lítillega frá fyrra ári þrátt fyrir að umfang námskeiðanna hafi verið sambærilegt.

Í flokknum almenn námskeið fjölgaði nemendastundum í samræmi við aukið framboð og aukinn verkefni á árinu. Þar má meðal annars finna fjölbreytt fræðslunámskeið sem höfða til breiðs hóps þátttakenda. Í flokknum sjúkraliðanámskeið, sem felur í sér sí- og endurmenntun í samstarfi við Sjúkraliðafélag Íslands, varð örlítil fækkun nemendastunda. Þrátt fyrir það var þátttakan góð og námskeiðin vel sótt. Vottaðar námsleiðir á vegum framhaldsfræðslunnar héldu áfram að njóta góðrar aðsóknar. Var eftirspurn eftir náminu áfram mikil sem endurspeglar þörfina fyrir markvissa hæfniuppbyggingu. Nemendastundum í þessum flokki fjölgaði frá árinu á undan.

Samanburður á nemendastundum



Hinn frægi framtíðarsinni og heimspekingur Alvin Toffler sagði eitt sinn að „ólæsir“ 21. aldarinnar munu ekki vera þeir sem geta ekki lesið og skrifað, heldur þeir sem geta ekki lært, aflært og endurlært.

Reksturinn

Eins og ársreikningurinn ber með sér var árið 2024 afar gott rekstrarlega séð hjá Framvegis. Rekstrarniðurstaðan endurspeglar sterkan og stöðugan grunnrekstur félagsins. Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld eru tæplega tuttugu og sjö milljónir. Tekjur á milli ára jukust um tæplega fimmtán og hálfa milljónir og gjöld hækkuðu um rúmlega tuttugu og níu milljónir en þar vegur þyngst kennslu- og launakostnaður. Að teknu tilliti til fjármagnsliða nemur rekstrarafgangur 26.757.844 kr. eins og sjá má í ársreikningi sem fylgir þessari ársskýrslu.



Reksturinn ber skýr merki um stöðugleika og vel skipulagða starfsemi. Styrkur Framvegis felst ekki síst í sveigjanleika og aðlögunarhæfni, eiginleikum sem gera miðstöðinni kleift að bregðast hratt og markvisst við örum samfélagsbreytingum og sveiflukenndum aðstæðum á vinnumarkaði.

Ábyrgur rekstur félagsins byggir á skýrum markmiðum, öflugum mannauði og sterkri liðsheild. Starfsfólk býr yfir sérþekkingu, fagmennsku og miklum drifkrafti sem skilar sér í traustum árangri.

Að baki er ár sem markast af stöðugleika og vexti. Áfram verður lögð rík áhersla á sjálfbæran og ábyrgan rekstur í þágu samfélagsins og þeirra einstaklinga sem nýta sér þjónustu miðstöðvarinnar. Það er sameiginlegt mat framkvæmdastjóra og stjórnar Framvegis að afkoma ársins 2024 endurspegli styrka stöðu

félagsins og aukna samkeppnishæfni miðstöðvarinnarinnar til framtíðar.

Framvegis hlaut árið 2024 viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri þriðja árið í röð. Með því skipaði miðstöðin sér í hóp aðeins 2,9% fyrirtækja á Íslandi sem uppfylla ströng skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar. Auk þess var Framvegis í hóp Framúrskarandi fyrirtækja að mati Creditinfo árið 2024. Viðurkenning sem einungis 2% íslenskra fyrirtækja fengu á árinu. Þessar viðurkenningar staðfesta traustan rekstur, faglega stjórnun og stöðugan árangur. Eigendur, stjórn og starfsfólk Framvegis eru einhuga í því að byggja áfram á þessum sterka grunni. Áhersla er lögð á að veita framúrskarandi þjónustu, mæta breytilegum þörfum markhópa og stuðla að aukinni hagsæld og velferð í samfélaginu.



Stjórn Framvegis

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á starfsemi Framvegis, stefnumótun og að starfsemi og rekstur sé í samræmi við samþykktir miðstöðvarinnar og lög um framhaldsfræðslu.

Hluthafar Framvegis

Eigendur og hluthafar Framvegis eru Sjúkraliðafélag Íslands sem á 43,14% og Sameyki - stéttarfélag í almannatjónustu sem á 56,86%.

Skipurit

Eigendur

Stjórn

Framkvæmdastjóri

Nám

Ráðgjöf

Raunfærnimat

Mannauður

Gæðamál

Rekstur

Stjórn Framvegis

Stjórn Framvegis er skipuð eigendum miðstöðvarinnar, þremur fulltrúum frá Sameyki og tveimur fulltrúum frá Sjúkraliðafélagi Íslands. Stjórn hélt 4 fundi á árinu og var ársfundur að þessu sinni haldinn 13. júní. Breyting varð á skipan stjórnar, Dagný Björk Erlingsdóttir

fór úr stjórn og í hennar stað kom Bjarney Krístrún Haraldsdóttir fyrir Sjúkraliðafélagið. Aðrar breytingar voru ekki gerðar á stjórn. Ársfundinn sitja auk stjórnar varamenn í stjórn og eigendur fyrirtækisins. Löggiltir endurskoðendur voru Endurskoðun & ráðgjöf ehf.



Jóhanna Þórdórsdóttir
stjórnarformaður
Sameyki - stéttarfélag í almannabjónustu



Bryngeir A. Bryngeirsson
meðstjórnandi
Sameyki - stéttarfélag í almannabjónustu



Bjarney Krístrún Haraldsdóttir
meðstjórnandi
Sjúkraliðafélagi Íslands



Jakóbína Þórðardóttir
meðstjórnandi
Sameyki - stéttarfélag í almannabjónustu



Lára María Valgerðarsdóttir
meðstjórnandi
Sjúkraliðafélagi Íslands

Varamenn
Pórarinn Eyfjörð, Sameyki
Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Sameyki
Birna Ólafsdóttir, SLFÍ

Starfsfólk Framvegis

Starfsmannahald var að mestu leyti óbreytt á árinu en fjórir starfsmenn eru í fullu starfi eins og árið á undan og einn starfskraftur í 60% starfi. Framvegis hefur þá á að skipa þremur náms- og starfsráðgjöfum sem sinna einnig

verkefnastjórnun, verkefna- og skrifstofustjóra og framkvæmdastjóra. Leiðbeinendur Framvegis, sem koma að kennslu og öðrum verkefnum, starfa allir sem verktakar en fjöldi þeirra á árinu var rúmlega hundrað og fjörutíu.



Helga Tryggvadóttir
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
100% starf



Ingibjörg Kristinsdóttir
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
100% starf



Kristjana Katrín Þorgrímsdóttir
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
60% starf



Líný Jóhannesdóttir
verkefnastjóri
100% starf





Vigdís Þyri Ásmundsdóttir
framkvæmdastjóri
100% starf

Fræðslustarfið 2024

Umfang fræðslustarfseminnar var aðeins meiri en árið á undan. Eins og sést á myndinni hér fyrir neðan þá var fjöldi námskeiða og námsleiða 165 talsins. Mikil þróunarvinna og nýsköpun hjá starfsfólki skilaði sér í fjölbreyttu námsframboði fyrir markhópa miðstöðvarinnar.

Virkni- og starfsþróunarnámskeið voru fyrirferðarmikil í starfseminni sem og nám fyrir flóttafólk og fólk af erlendum uppruna. Talsverð aukning var á aðsókn í námskeið hjá sjúkraliðum og voru atvinnuleitendur og fólk í starfsendurhæfingu stór hluti þjónustuþega.

Fjöldi námskeiða og námsleiða




Námskeið fyrir sjúkraliða

Allt frá stofnun Framvegis hafa sí- og endurmenntunarnámskeið fyrir sjúkraliða verið ein af meginundirstöðum í fræðslustarfi miðstöðvarinnar. Samstarf við Sjúkraliðafélag Íslands, sem á 43,14% hlut í Framvegis, hefur reynst afar árangursríkt og mikilvægt fyrir þróun námskeiðanna. Áhersla félagsins á símenntun hefur skapað sterka fræðslumenningu meðal sjúkraliða og styrkt bæði starfsþróun og fagvitund innan stéttarinnar. Á árinu 2024 voru skipulögð 45 námskeið fyrir sjúkraliða, sem er metfjöldi á einu starfsári. Öll námskeiðin

voru starfstengd og metin til launa samkvæmt viðeigandi kjarasamningum. Skipulag námskeiðanna var unnið í nánú samstarfi við fagráð sjúkraliða, með það að markmiði að mæta raunverulegum þörfum þátttakenda og starfsumhverfi þeirra. Aðsókn var mjög góð og í mörgum tilfellum fór eftirspurn fram úr framboði þannig að ekki komust allir að sem vildu. Eitt námskeið féll þó niður vegna forfalla leiðbeinanda. Fjöldi þeirra sem sóttu námskeiðin á árinu var aðeins færri en árið á undan en engu að síður var fjöldinn mikill.

Fjöldi námsmanna á sjúkraliðanámskeiðum



Framvegis, í samstarfi við Sjúkraliðafélag Íslands, þróaði og tilraunakenndi á árinu fagíslenskunámskeið fyrir starfandi sjúkraliða sem hafa annað móðurmál en íslensku. Markmið námskeiðsins var að efla málskilning og færni þátttakenda í fagtengdri íslensku og þannig styrkja þá í daglegum samskiptum og verkefnum innan heilbrigðisgeirans. Sérstök áhersla var lögð á orðaforða og tjáningu sem tengist störfum sjúkraliða, og var námið hannað með raunverulegar aðstæður og starfshætti að leiðarljósi. Námskeiðið hlaut mjög góðar viðtökur og lýstu þátttakendur bæði ánægju og valdeflingu í kjölfar þátttöku.

Margir upplifðu aukna fagmennsku og sjálfstraust í starfi.

Á vormánuðum 2024 var fræðslukönnun send til allra félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands, þar sem spurt var um símenntunarþarfir og óskir varðandi námsframboð. Könnunin hlaut 49% svörun sem telst mjög góð þátttaka. Niðurstöður könnunarinnar og þær tillögur sem þar komu fram reyndust afar gagnlegar við mótun og þróun námsúrræða fyrir sjúkraliðastéttina. Þær veittu dýrmæta innsýn í raunverulegar þarfir starfsfólks á vettvangi og hafa haft bein áhrif á skipulag og forgangsröðun fræðslunnar hjá Framvegis.


Listi yfir sjúkraliðanámskeið 2024:

Símenntun	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
ABCDE	-	-	-
Mis- og ofnotkun geðlyfja og óþjófnað - Fjarkennt	32	8	256
Sjúkleg streita - Fjarkennt	33	8	264
Heilabilun - Staðkennt	20	8	160
Bráðahjálpar fullorðinna fyrir sjúkraliða - Staðkennt	15	8	120
Mikilvægi góðrar andlegrar heilsu hjá öldruðum - Fjarkennt	32	5	160
Sár og sármeðferð - Staðkennt	20	12	240
Óráð - Fjarkennt	30	5	150
Viðbótarmeðferðir í hjúkrun - Staðkennt	21	8	168
Heilsa kvenna á breytingaskeiði - Staðkennt	25	5	125
Mjaldmabrot áhrifaþættir og afleiðingar - Staðkennt	21	12	252
Leiðbeinendanámskeið - Stað/fjarkennt	32	6	192
Sár og sármeðferð - Fjarkennt	26	12	312
Bættur lífsstíll, betri heilsa - Fjarkennt	18	12	216
Hinsegin heilbrigði - Fjarkennt	29	8	232
Sýnataka námskeið #1 - Staðkennt	20	5	100
Sýnataka námskeið #2 - Staðkennt	17	5	85
HAM - Staðkennt	12	12	144
Ónæmi og ónæmisgallar - Staðkennt	14	8	112
Bráðahjálpar fullorðinna fyrir sjúkraliða - Staðkennt	16	8	128
Fæðubótarefni, tilgangur og notkun - Fjarkennt	22	5	110
Bólgur, þarmaflóran og allskonar annað áhugavert - Fjarkennt	27	8	216
Leiðbeinendanámskeið - Fjarkennt	26	6	156
ABCDE, líkamsskoðun á bráðveikum fyrir sjúkraliða - Staðkennt	24	8	192
Sár og sármeðferð - Fjarkennt	26	12	312
Fagislenska fyrir sjúkraliða - Staðkennt	9	30	270
Líknarmeðferð í heimahjúkrun - Staðkennt	26	8	208
Sýnataka #3 - Staðkennt	16	5	80
Sýnataka #4 - Staðkennt	16	5	80
Velferðartækni og tæknileg hjálpartæki í starfi sjúkraliða - Staðkennt	18	12	216
Teimisvinna í starfi sjúkraliða - Staðkennt	9	12	108
Jákvæð sálfræði - Fjarkennt	26	8	208
Lífstílsjúkdómar og lífsstílslyf - Stað/fjarkennt	19	8	152
Mjaldmabrot, áfrifaþættir og afleiðingar - Staðkennt	10	12	120
Fæðubótarefni, tilgangur og notkun - Fjarkennt	29	5	145
Klínískar leiðbeiningar um ADHD og mótsagnir lyfjafiknar - Staðkennt	19	5	95
Lífstílsjúkdómar og lífsstílslyf - Fjarkennt	27	8	216
Orkuefni (kolvetni, prótein og fita) og hver eru mismunandi hlutverk þeirra í líkamanum - Staðkennt	15	8	120

Bólgur, þarmaflóran og allskonar annað áhugavert - Fjarkennt	30	8	240
Heilabilun - Fjarkennt	30	8	240
Mjaðmabrot, áfrifaþættir og afleiðingar - Fjarkennt	28	12	336
Áföll og fíkn - Fjarkennt	24	12	288
Sýnataka #5 - Staðkennt	16	5	80
Sýnataka #6 - Staðkennt	15	5	75
Skaðaminnkun - Fjarkennt	30	5	150
Samtals - 44 kennd námskeið, eitt fellt niður vegna forfalla kennara	970		7.829

“Sjúkraliðastéttin er að eldast og án aðgerða stendur heilbrigðiskerfið frammi fyrir alvarlegri manneklu. Það verður að tryggja nýliðun. Ungt fólk þarf að sjá að þetta er ekki bara krefjandi starf, heldur líka gefandi og þakklátt. Hér mætast mannleg nánd og fagleg færni, hvort sem unnið er á sjúkrahúsum, í heimahjúkrun eða annars staðar þar sem fólk þarf stuðning. Og eitt er víst – sjúkraliðastarfið er fyrir alla, óháð kyni. Fjölbreyttur hópur styrkir fagið og eflir heilbrigðiskerfið.”

Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands



Námskeið

Vel tókst til við að mæta eftirspurn og þörfum einstaklinga og samstarfsaðila eftir fræðslu á árinu. Samstarf við Vinnumálastofnun, VIRK starfsendurhæfingu, Fjölmenn, Fjölsmiðjuna og fleiri aðila reyndist bæði gefandi og árangursríkt. Sérstök áhersla var lögð á áframhaldandi þróun stafrænna lausna sem hafa nýst vel í kennslu og veitt sveigjanleika til að mæta fjölbreyttum þörfum þátttakenda. Með þessum lausnum tókst að aðlaga

fræðslu að ólíkum aðstæðum og námsgetu. Þessi námskeið eru í stöðugri þróun og gera ríkar kröfur til starfsfólks um greiningarhæfni og yfirsýn yfir færniþarfir á vinnumarkaði, sem og þarfir einstaklinga og samstarfsaðila. Líkt og undanfarin ár fór kennsla fram á sex tungumálum auk íslensku sem endurspeglar þá fjölbreytni sem einkenndi hópin sem sótti fræðsluna hjá Framvegis á árinu.

Námskeið 2024	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Áttin að draumastarfi	15	15	225
Áttin að draumastarfi	8	15	120
Áttin að draumastarfi	9	15	135
Áttin að draumastarfi	10	15	150
Áttin að draumastarfi	12	15	180
Better you - Pólska	6	15	90
Better you - Pólska	9	15	135
Better you - Enska	6	15	90
CCC - Enska	3	12	36
CCC - Enska	6	12	72
CCC - Enska	9	12	108
CCC - Enska	5	12	60
CCC - Pólska	11	12	132
Persónuleg fjármál (Fjölmenn)	3	6	18
Förðun og umhirða húðar og hárs (Fjölmenn)	3	6	18
Konfekt námskeið (Fjölmenn)	5	3	15
Landneminn - Arabíska	19	50	950
Landneminn - Arabíska	19	50	950
Landneminn - Spænska	11	50	550
Toppurinn	13	54	702
Toppurinn	14	54	756
Upplýsinga- og menningarlæsi - Litháíska	4	27	108
Upplýsinga- og menningarlæsi - Litháíska	10	27	270
Áttin að draumastarfi	10	15	150
Áttin að draumastarfi	6	15	90
Áttin að draumastarfi	12	15	180
Áttin að draumastarfi	9	15	135
Áttin að draumastarfi	8	15	120
Áttin að draumastarfi	14	15	210
Better you - Enska	17	15	255

Better you - Pólska	15	15	225
Better you - Pólska	9	15	135
CCC - Enska	12	12	144
CCC - Enska	9	12	108
CCC - Litháíska	8	12	96
CCC - Pólska	12	12	144
Persónuleg fjármál (Fjölmennt)	3	6	18
Förðun og umhirða húðar og hárs (Fjölmennt)	4	6	24
Hópráðgjöf - Valdefling	9	12	108
Leiðin að bættri líðan - Litháíska	9	15	135
Landneminn - Arabíska	21	45	945
Toppurinn	12	54	648
Toppurinn	13	54	702
Upplýsinga- og menningarläsi - Arabíska	12	27	324
Upplýsinga- og menningarläsi - Arabíska	6	27	162
Upplýsinga- og menningarläsi - Litháíska	10	27	270
Upplýsinga- og menningarläsi - Litháíska	6	32	192
Upplýsinga- og menningarläsi - Spænska	4	27	108
Upplýsinga- og menningarläsi - Úkrainska	16	27	432
Samtals 49 námskeið	470		11.930

Á árinu voru haldin 49 námskeið, sem er talsverð aukning frá fyrra ári. Þátttakendum fjölgaði í samræmi við aukið umfang, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Sérstök áhersla var lögð á samþætta sjálfstyrkingu og tölvu- og tæknilæsi í allt nám á árinu. Mikilvægt er að það nám, sem boðið er upp á hverju sinni, sé í takt við það sem er að gerast annarsstaðar í samfélaginu. Leiðbeinendur eru hvattir til að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir sem taka mið af ólíkum þörfum og

námsstílum þátttakenda. Markmiðið er að kennslan sé hvetjandi, valdeflandi og stuðli að virkri þátttöku. Jákvæð upplifun af námi er lykilforsenda í öllu fræðslustarfi Framvegis og leiðarljós í þróun námsins.

Fjöldi þátttakenda á námskeiðum

2021	2022	2023	2024
408	426	316	470

Íslenska sem annað mál

Í fyrsta sinn í sögu Framvegis var sótt um styrk til Rannís til þess að kenna fólki af erlendum uppruna íslensku. Miðstöðin fékk fjármagn til þess að halda 6 námskeið, 2 þeirra voru haldin á vorönn og 4 á haustönn. Námskeið í íslensku sem annað mál voru á tveimur stigum, það eru stig A1.1-A1.2 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum. Kennsla og námsefni


tekur mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Evrópska tungumálarammanum. Öll námskeiðin voru kennd í staðnámi og lögð var áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og færni í að nota íslensku. Á þessum 6 námskeiðum voru alls 56 þátttakendur.

Gott að vita


Gott að vita fyrirlestra- og námskeiðaröðin er skipulögð í samstarfi við nefnd Sameykis um framtíðarvinnumarkaðinn. Viðburðirnir eru ætlaðir félagsfólki Sameykis og eru þeim að kostnaðarlausu, með það að markmiði að vera bæði skemmtilegir og fróðlegir. Eins og áður var lögð áhersla á fjölbreytt efni og dagskrá sem höfðar til breiðs hóps félagsmanna.

Upphaflega voru áætlaðir 39 fyrirlestrar og námskeið á árinu 2024, en þrír viðburðir voru felldir niður vegna ónógrar skráningar eða forfalla leiðbeinenda. Alls fóru því fram 36 viðburðir – 19 á vorönn og 17 á haustönn. Á þessi 36 námskeið og fyrirlestra skráðu sig alls 449 einstaklingar en 398 mættu, sem er örlítil fækkun frá fyrra ári.

Fjöldi þátttakenda á GAV



Fjöldi viðburða á GAV



Dagskráin var fjölbreytt og vel skipulögð, með það að markmiði að sem flestir fyndu sér eitthvað við hæfi. Mikil ánægja mældist meðal þátttakenda með viðburðina bæði hvað varðar efni, framsetningu og gæði leiðbeinenda.

Lögð var áhersla á gæði fræðslunnar og að efnið endurspeglaði óskir framtíðarnefndar Sameykis. Í töflunni hér á næstu síðu er upptalning á þeim viðburðum sem félagsmönnum Sameykis var boðið að sækja á árinu:

Gott að vita 2024	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Súrkálsgerð og súrkálssmökkun	8	3,0	24
Kimchi súrkálsgerð	13	3,0	39
Hinsegin 102	-	-	-
Lífeyrismál á öllum aldri	31	2,0	62
Jákvæð sálfræði og Yoga Nidra	12	8,0	96
Vatnslitir og blek	7	3,0	21
Að ferðast með lest	18	3,0	54
Fléttur og snúðar fyrir óvana	12	1,5	18
Vatnslitir og blek	6	3,0	18
Að takast á við lífið eftir áfall	16	4,0	64
Aððsig	5	9,0	45
Páskaeggjagerð	12	1,5	18
Páskaeggjagerð	12	1,5	18
Fluguhnýtingar	4	6,0	24
Lærðu að þrjóna lopapeysu	10	4,0	40
Matur og loftslagsbreytingar	9	4,5	41
Kyrrðargöngunámskeið	9	6,0	54
Golfnámskeið	8	4,0	32
Golfnámskeið	7	4,0	28
Svefn ungbarna	6	1,5	9
Glaðari þú - Sjóbaðsleikjanámskeið	8	4,0	32
Jákvæð sálfræði og Yoga Nidra	13	8,0	104
Persónuleg fjármál	21	2,0	42
Vegghengi	11	3,0	33
Hver verður staða mín við starfslok?	24	2,0	48
Vernd og viðhald fasteigna	13	3,0	39
Velliðan barna – Uppeldisráð sem virka!	5	1,5	8
Fækkum, flokkum og röðum	9	3,0	27
Lærðu að þrjóna lopapeysu	9	4,0	36
Vatnslitir og blek	7	3,0	21
Förðun og umhirða húðar	8	2,0	16
Vatnslitir og blek	7	3,0	21
Hamfarahlýnun í hádegismat - Vinnustofa	-	-	-
Fjölmennning á vinnustað	-	-	-
Lettneskar fléttur og furunálar	8	6,0	48
Jákvæð sálfræði og Yoga Nidra	12	8,0	96
Að mæta kviða með samkennd	7	6,0	42
Konfektnámskeið	16	1,5	24
Konfektnámskeið	15	1,5	23
Samtals - 36 kennd námskeið þrjú féllu niður	398		1.364

Námsleiðir framhaldsfræðslunnar

Framvegis hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til þess að annast framhaldsfræðslu á grundvelli laga um hana frá árinu 2010. Framvegis uppfyllir skilyrði laganna um framhaldsfræðslu hvað varðar hlutverk og markmið, skipulag náms og kennslu, aðstöðu og rekstur.

Með samningi við Fræðslusjóð framhaldsfræðslunnar kennir Framvegis vottaðar námskrár fyrir skilgreindan markhóp framhaldsfræðslulaga, þ.e. einstaklinga 18 ára og eldri með stutta formlega menntun.

Níu vottaðar námsleiðir voru kenndar hjá og á vegum Framvegis árið 2024. Um langt skeið hefur miðstöðin átt farsælt samstarf við tölvuskóla á höfuðborgarsvæðinu um kennslu á sérhæfðum námsþáttum sem snúa að tölvuvinnslu og tæknitengdum greinum í vottuðum námskrám. Einnig hefur samstarf við Vinnu-

málastofnun, Virk starfsendurhæfingu, Fjölskiðjuna og fleiri aðila verið umfangsmikið í þessum flokki námsúrræða.

Á árinu var sett á laggirnar ný námskrá sem miðar að því að auka náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk. Námskráin er afrakstur verkefnis á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins (FVRN) og var unnin í samstarfi við Fjölmenn, Vinnumálastofnun (VMST), Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) og símenntunarmiðstöðvar um land allt. Þátttakendur lýstu mikilli ánægju með námið og möguleikana í kjölfarið en hluti námsmanna hefur fengið störf á vinnumarkaði, sem staðfestir gildi og mikilvægi þessarar viðbótar í flóru vottaðs náms framhaldsfræðslunnar. Það er einkar ánægjulegt að hafa fengið tækifæri til þess að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni og stefnt er að því að áframhald verði á verkefninu.

Vottaðar námskrár sem Framvegis kenndi árið 2024:

Smiðja 1 – 2,2 Færni á vinnumarkaði

Námskráin er 180 klukkustunda á 1. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námskráin er í sjálfstæðu framhaldi af Smiðju 1 – 1 með vaxandi stíganda. Námskráin er grunnur að námslýsingu sem tekst á við hvert starf sem þjálfar skal til samkvæmt hæfniprepi námskrárinnar. Námið er ætlað fólki sem vill kynnast og hljóta þjálfun til að byggja upp verkkunnáttu, þjálfast fyrir ákveðna tegund starfs, efla samstarfshæfni og fjölbreytta færni til að sinna viðkomandi starfi.

Skrifstofuskólinn

Námskráin er 160 klukkustundir, að auki er gert fáð fyrir 160 klukkustundum án leiðbeinenda. Námið er starfstengt og hagnýtt, meta má það til 18 eininga á framhaldsskólastigi. Námið byggist á raunhæfum verkefnum tengdum almennri tölvuvinnslu, bókhaldi, tölvubókhaldi, þjónustu á skrifstofu og sjálfstyrkingu. Boðið var upp á fjarkennslu í þessari námsleið. Skrifstofuskólinn var kenndur í samstarfi við Promennt og NTV.

Stökkpallur

Námið er 180 klukkustunda og skiptist í 4 námsþætti sem meta má til 10 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er á 1. þrepi íslenska hæfnirammans þar sem áhersla er lögð á að byggja upp samskiptafærni, efla sjálfstraust

og þjálfar námsmenn til atvinnuþátttöku í mismunandi starfsumhverfi og til áframhaldandi náms. Stökkpallur var kenndur í samstarfi við Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu og Virk.

Uppléið – HAM

Námskráin felur í sér 40 klukkustunda nám, þar af 24 klukkustundir með leiðbeinanda, á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun og skiptist í 5 námsþætti. Námið er ætlað þeim sem vilja læra að takast á við hamlandi líðan með því að nýta sér aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar (HAM), einna helst einstaklingum í markhópnum sem síst afla sér menntunar og greiða leið þeirra til áframhaldandi náms og virkni.

Skref til sjálfshjálpar

Námskráin felur í sér 40 klukkustunda nám sem er á 1. þrepi hæfniramma um íslenska menntun, skipt í fimm námsþætti. Markmið námsins er að námsmenn öðlist öryggi í lestri, stafsetningu, ritun og tjáningu og geti nýtt sér upplýsingatækni sér til aðstoðar. Námskráin var kennd í samstarfi við Vinnu-málastofnun höfuðborgarsvæðisins fyrir fólk af erlendum uppruna sem vill þjálfa sig í lestri, ritun og tjáningu fyrir þátttöku í daglegu lífi og á vinnumarkaði.



Tæknilæsi og tölvufærni

Námskráin er 45 klukkustunda nám, þar af 42 klukkustundir með leiðbeinanda, á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun og skiptist í 6 námsþætti. Náminu er ætlað að ná til þeirra einstaklinga innan markhóps framhaldsfræðslu sem líklegir eru til að sitja eftir á vinnumarkaði sökum tækniframfara og breytinga á störfum sem þær hafa í för með sér. Markmið námskrárinnar er að auka tæknilæsi og tölvufærni námsmanna með það að leiðarljósi að efla hæfni þeirra til að takast á við breytingar og undirbúa þá þannig til að halda í við tækniframfarir á vinnumarkaði.

Líf og heilsa – lífstílsþjálfun

Námskráin spannar 300 klukkustunda nám, þar af 60 klukkustundir með leiðbeinanda, á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun, skiptist í 6 námsþætti. Markmið námsins er að auka þekkingu námsmanna á áhrifaþáttum heilsu, heilsulæsi og hæfni til að taka ábyrgð á eigin heilsu. Námið er ætlað fólki sem vill bæta eigin heilsu. Námskráin var kennd í samstarfi við Fjölsmiðjuna.

Efling stafrænnar hæfni: grunnnám í forritun

Námskráin felur í sér 80 klukkustunda nám, þar af 65 klukkustundir með leiðbeinanda, á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun og skiptist í 4 námsþætti. Markmið námsins er að efla skilning og hæfni námsmanna á grunnþáttum forritunar, uppbyggingu forrita, notkun hugtaka forritunar og tengja saman forritunartungumál. Námskráin var kennd í samstarfi við Fjölsmiðjuna.

Sterkari starfskraftur

Námskráin felur í sér 160 klukkustunda nám, þar af 120 klukkustundir með leiðbeinanda, á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun og skiptist í 6 námsþætti. Tilgangur námsins er að efla þekkingu og hæfni námsmanna í upplýsingatækni. Einungis voru kenndir 2 námsþættir úr námskránni, þ.e. 40 klukkustundir.



Velferðartækni

Námskráin felur í sér 40 klukkustunda nám sem er á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námið er ætlað þeim sem starfa eða hafa hug á að starfa við velferðarþjónustu og vilja öðlast aukna þekkingu og leikni í að takast á við tækniþróun í velferðargeiranum.

Grunnnám fyrir skólaliða

Námskráin felur í sér 47 klukkustunda nám sem er á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun og mögulegt er að meta til 6 eininga í framhaldsskóla. Námið er einkum ætlað þeim sem starfa í leik- og grunnskólum eða hafa áhuga á að starfa á þeim vettvangi. Námskráin var kennd í samsarfi við Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins fyrir fólk af erlendum uppruna sem hefur áhuga á að vinna með börnum í íslensku skólakerfi.

Hér fyrir neðan er yfirlit með vottuðum námskrám framhaldsfræðslunnar sem kenndar voru hjá Framvegis á árinu 2024:


Námsleiðir framhaldsfræðslunnar 2024	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Grunnnám fyrir skólaliða	16	47	752
Líf og heilsa - Lífstílsþjálfun	10	60	600
Líf og heilsa - Lífstílsþjálfun	9	60	540
Velferðatækni	14	40	560
Skref til sjálfshjálpar	8	40	320
Skref til sjálfshjálpar	8	40	320
Skref til sjálfshjálpar	15	40	600
Skrifstofuskólinn	13	160	2.080
Sterkari starfskraftur	14	40	560
Sterkari starfskraftur	15	40	600
Sterkari starfskraftur	11	40	440
Stökkpallur	11	180	1.980
Tæknilæsi og tölvufærni	8	43	344
Tæknilæsi og tölvufærni	12	43	516
Tæknilæsi og tölvufærni	12	43	516
Uppléið - HAM	9	24	216
Skrifstofuskólinn	10	160	1.600
Skrifstofuskólinn	8	160	1.280
Smiðja 1-2,2 - Færni á vinnumarkaði	7	180	1.260
Stökkpallur	10	180	1.800
Stökkpallur	10	180	1.800
Tæknilæsi og tölvufærni	10	43	430
Tæknilæsi og tölvufærni	10	43	430
Tæknilæsi og tölvufærni	10	43	430
Efling stafrænnar hæfni - Grunnnám í forritun	8	65	520
Skref til sjálfshjálpar	7	40	280
Skref til sjálfshjálpar	9	40	360
Skref til sjálfshjálpar	7	40	280
Uppléið - HAM	9	24	216
Uppléið - HAM	7	24	168
Samtals 30	307		21.798




Eins og fram kemur í töflunni þá er fjöldi þeirra sem hófu nám ekki skráð, einungis þau sem luku námi á vottuðum námsleiðum. Brottfall var svipað og árið á undan eða tæplega 20%. Námsmenn voru fleiri en árið á undan hjá miðstöðinni og nemendastundir

sömuleiðis. Skýringar á þessu liggja einna helst í breyttum þörfum þeirra sem sækja nám í framhaldsfræðslunni. Eftirspurn var eftir stuttum gagnlegum námsúrræðum sem að stórum hluta þjálfu grunnfærni einstaklinga, persónulega sem og tengt atvinnulífinu.

Fjöldi námsmanna á námsleiðum
framhaldsfræðslunnar



Nemendastundir á námsleiðum
framhaldsfræðslunnar



Náms- og starfsráðgjöf

Framvegis hefur boðið upp á náms- og starfsráðgjöf fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar frá árinu 2015. Þrír náms- og starfsráðgjafar starfa hjá Framvegis og sinna þeir einnig verkefnastjórnun og kennslu á námsleiðum framhaldsfræðslunnar og námskeiðum.

Náms- og starfsráðgjöf fer fram bæði í einstaklingsviðtölum og í hópráðgjöf. Ráðgjafa- og hvatningarviðtöl eru einstaklingsviðtöl og í hópráðgjöf geta verið tveir til 15 einstaklingar. Engin tvö viðtöl eru eins enda aðstæður fólks og verkefni þess mismunandi.

Viðtöl

Á árinu 2024 voru tekin alls 813 viðtöl. Í töflunni má sjá hvernig þau skiptust niður eftir flokkun Fræðslusjóðs:

Viðtöl 2024	Fjöldi	Hlutfall
Ráðgjafaviðtöl	381	47%
Hópráðgjöf	432	53%
Samtals	813	100%

Viðtölin fela yfirleitt í sér ígrundun á starfsþróun einstaklinga, m.a. út frá sjálfsskoðun, styrkleikum, áhugahvöt, starfshæfni, markmiðasetningu, ferilskrárgerð og áætlun um næstu skref. Mikil áhersla er lögð á trú á eigin getu og að rætur hvers og eins liggi í áhuga, gildum og styrkleikum í samspili við reynslu og umhverfi og að allt þetta hefur áhrif á þróun náms- og starfsferil einstaklings.

Áhersla hefur verið lögð á hópráðgjöf til námsmanna sem sækja nám á námsleiðum og hafa viðfangsefni hópráðgjafarinnar snúist um sjálfstyrkingu, áhugasvið, áætlanagerð, markmiðasetningu og færni í starfsleit. Hópráðgjöf er góð leið til að ná til námsmanna, kynna þeim frekar náms- og starfsráðgjöf og styðja þá og styrkja á ýmsan hátt.

Einnig hefur verið lögð áhersla á að veita námsmönnum aðhald, t.d. hvað varðar mætingar, og haft er samband við þá sem farið er að fatast flugið. Þeim er boðin ráðgjöf, s.s. um áætlanagerð sem miðar að því að ljúka námi, auk hvatningar og stuðnings. Þessi stuðningur virðist ýta undir að námsmenn ljúki námi og brotthvarf minnki.

Mörg koma í viðtal í framhaldi af hópráðgjöf og nýta sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa, önnur koma af götunni og enn önnur sem finna þjónustu náms- og starfsráðgjafar Framvegis á netinu. Um þriðjungur viðtala tengist raunfærnimati auk þess sem námsmenn á völdum námsleiðum eru boðaðir í viðtöl annað hvort áður en nám hefst eða meðan á því stendur. Ástæður fyrir komu í einstaklingsviðtal geta verið margvíslegar, t.d. kemur fólk sem íhugar nám eða raunfærnimat eftir jafnvel áratuga hlé frá námi, hefur áhuga á að breyta til eftir langan tíma í sama starfi, langar til að styrkja sig á vinnumarkaði eða er í leit að nýjum náms- og/eða starfstækifærum. Eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf fer sífellt vaxandi og dugar framlag úr Fræðslusjóði ekki fyrir kostnaði við náms- og starfsráðgjöf út árið. Framvegis fékk á árinu rúmar 7,5 milljónir úthlutað í náms- og starfsráðgjöf og var fyrirséð að sú upphæð myndi ekki duga út árið. Eins og fyrri ár var sótt um viðbótarframlag og fékk Framvegis tæplega 1,5 milljónir. Þrátt fyrir viðbótarframlag dugði það ekki til.

Heildarfjöldi viðtala náms- og starfsráðgjafa síðustu 4 ár:

2021	2022	2023	2024
557	685	894	813

Raunfærnimat

Mat á raunfærni gefur fullorðnu fólki á vinnu-
markaði viðurkenningu á færni sinni og mögu-
leika á að halda áfram námi þar sem það er
statt í þekkingu og færni en ekki þar sem frá
var horfið í formlegu námi.

Á árinu framkvæmdi Framvegis raunfærnimat
á móti námskrá sjúkraliðabrautar og í almennri
starfshæfni á móti viðmiðum atvinnulífsins

Matsmenn í raunfærnimati á móti námskrá
sjúkraliðabrautar eru kennarar á brautinni og
eru 33 einingar til mats.

Í töflunni má sjá fjölda þátttakenda og metnar
einingar á árinu:



Raunfærnimat	Þátttakendur	Metnar einingar		Spönn
		Alls	Meðaltal	
2024	Fjöldi			
Almenn starfshæfni	16			
Sjúkraliðabraut	40	652	16,3	5-33
Samtals	56	652	16,3	

Raunfærnimat í almennri starfshæfni er ekki
einingabært og því er það mat ekki með í
útreikningum á meðaltali eininga.



Frá því að Framvegis hóf að raunfærnimata
2016 hafa alls 244 einstaklingar lokið
raunfærnimati hjá miðstöðinni. Þar af 200 á

móti námskrá þar sem 5428 einingar hafa
verið metnar. 44 hafa fengið almenna
starfshæfni sína metna hjá miðstöðinni en þar
sem það mat er á móti viðmiðum atvinnulífsins
er það ekki einingabært.



Fjölgun þátttakenda í raunfærnimat síðustu ár skýrist af aðsókn í raunfærnimat á móti sjúkraliðabraut þar sem 40 luku mati á árinu. Árið á undan var metár og fækkun þátttakenda skýrist líklega að einhverju leyti af því að fleiri símenntunarstöðvar eru farnar

að framkvæma þetta tiltekna raunfærnimat. Raunfærnimat í almennri starfshæfni er að festa sig í sessi hjá miðstöðinni og hefur samstarf við Hring sjá þar mikil áhrif. Í takt við að þátttakendum fækkaði frá fyrra ári hefur metnum einingum fækkað.



Raunfærnimat á sjúkraliðabraut

Árið 2021 hóf Framvegis að framkvæma raunfærnimat á móti námskrá sjúkraliðabrautar og hefur aðsókn verið framar vonum. Við árslok 2024 höfðu alls 136 þátttakendur fengið samtals 2264 einingar metnar en þess ber að geta að ekki komast öll í matið sem eftir því sækjast. Til þess að hefja raunfærnimatsferli þurfa þátttakendur að búa yfir a.m.k. þriggja ára starfsreynslu, í þessu tilfelli við umönnun, og hafa langflestir þátttakendur reynslu af umönnun aldraðra.

Boðið er upp á matið á hverri önn og er dagskrá sett upp með góðum fyrirvara. Dagskráin hefst á stuttri kynningu sem síðan er

sett á heimasíðu Framvegis og eru tenglar á fundi og gögn einnig birt til hagræðingar fyrir þátttakendur. Þar sem matið getur farið fram alfarið rafrænt hafa þátttakendur verið alls staðar að af landinu.

Mikil vinna hefur verið lögð í að stækka raunfærnimat á sjúkraliðabraut bæði hvað varðar fjölda þátttakenda sem og fjölda eininga sem eru til mats. Nú eru 33 einingar til mats af þeim 200 sem eru á brautinni.

Ekki var framkvæmt raunfærnimat á móti námskrám tölvubrautar og tanntæknabrautar eins og gert var árin á undan.


Árangursrík framþróun

Framþróun og vöxtur Framvegis byggjast á öflugri nýsköpunarhæfni og sífelldri þekkingarleit starfsfólks. Að miðla þekkingu og efla hæfni er lykilatriði í að tryggja stöðuga þróun og viðhalda gæðum í starfsemi miðstöðvarinnar.

Starfsfólk Framvegis hefur lagt ríka áherslu á að sækja sér nýja þekkingu og þróa eigin hæfni með það að markmiði að styrkja eigin starfsþróun sem og þróa starfsemi miðstöðvarinnar.

Þróunarverkefni sem sótt var um 2024

Sótt var um eitt þróunarverkefni í Fræðslusjóð framhaldsfræðslunnar og fékk það brautargengi. Í þessu verkefni er ætlunin að tengja saman kenningar og aðferðir jákvæðrar sálfræði og kennslufræði fullorðinna þar sem báðar nálganir leggja áherslu á styrkleika og tækifæri til að vaxa og bæta árangur. Þessar nálganir verða fléttaðar saman í námskrá sem hefur þann tilgang er að efla og trú á eigin getu, hamingju og velsæld. Verkefnið verður unnið á næsta ári þ.e. 2025.



Þróunarverkefni sem unnin voru 2024

Framvegis fékk styrk úr Fræðslusjóði Sjúkraliðfélags Íslands til þess að búa til fagtengt íslenskunámskeið fyrir sjúkraliða af erlendum uppruna sem eru með íslensku sem annað mál. Verkefnið gekk mjög vel og lauk tilraunakennslu í október 2024. Vonir standa til að hægt verði að sækja um styrk til Sjúkraliðafélagsins og bjóða reglulega upp á fagtengt íslenskunám fyrir starfandi sjúkraliða.

Framvegis fékk styrk úr Fræðslusjóði framhaldsfræðslunnar árið 2022 til þess að vinna hæfnigreiningu á starfi skólaliða. Í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stóð til að vinna verkefnið á árinu. Því miður gekk það ekki eftir og niðurstaðan sú að hætt var við greininguna.

Fræðslugreiningar

Framvegis tekur þátt í verkefninu 'fræðslustjóri að láni' sem fólgið er í því að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja og stofnana. Ráðgjöfin felst í því að greina fræðsluþarfir og hæfni starfsmanna, í framhaldinu að gera fræðsluáætlun sem eflir og þróar mannauðinn. Engin fræðslugreining var að þessu sinni hjá miðstöðinni.



Stefna og gæðastarf

Miðstöðin hefur verið með EQM-vottun frá árinu 2012 en í lok árs 2018 hlaut stöðin EQM+ vottun sem tekur til allra starfsþátta, þ.e. fræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

Framvegis fór í gæðaúttekt í nóvember 2024 og í framhaldinu var gæðavottun staðfest til næstu þriggja ára. Starfsfólk og verktakar vinna samkvæmt viðurkenndum verkferlum í samræmi við vottunina til þess að tryggja fagleg og skilvirk vinnubrögð.


Í heildarstefnu Framvegis er lögð áhersla á að veita faglega og einstaka þjónustu til allra

hlutaðeigandi aðila, þ.e. einstaklinga sem sækja þjónustu hjá miðstöðinni, samstarfsaðila miðstöðvarinnar og eigenda. Heildarstefna byggir á fjórum megingildum starfseminnar sem eru: framsækni, fagmennska, árangur, virðing. Með gildi Framvegis að leiðarljósi leggur miðstöðin sitt af mörkum til jákvæðra áhrifa í samfélaginu. Það felur meðal annars í sér að innleidd voru þrjú heimsmarkmið sameinuðupjóðanna um sjálfbæra þróun í starfsemi miðstöðvarinnar. Til þess að varða veginn framundan voru skilgreind þrjú kjarnamarkmið sem Framvegis mun leggja sérstaka áherslu á í allri sinni starfsemi en þau eru þessi:



Atvinnulífið er í stöðugri þróun, nýsköpun og örar tæknibreytingar kalla á að einstaklingar endurnýi stöðugt þekkingu sína og færni. Framvegis leggur upp úr því að starfsfólk hafi tækifæri til þess að auka hæfni sína og þróast í starfi. Vel upplýst starfsfólk er lykillinn að því að starfsemi miðstöðvarinnar þróist og haldi í við örar samfélagsbreytingar. Á árinu var lögð áhersla á að starfsfólk fengi

fræðslu og þjálfun í notkun gervigreindar og sóttu starfsmenn námskeið um ChatGPT og aðra samskonar tækni. Mikilvægt er að starfsfólk fái ráðrúm til þess að tileinka sér tækni- nýjungar og auka hæfni sína í tæknilæsi. Einn starfsmaður lauk námi í Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun HÍ síðasta vor og annar starfsmaður lauk Handleiðslunámi frá Háskóla Íslands í lok árs 2024.



Önnur starfsemi

Fagrað sjúkraliða

Tvisvar á ári er fagrað sjúkraliða hjá Framvegis kallað saman til að ráðgast um námsframboð fyrir sjúkraliða. Miðstöðin byggir framboð sjúkraliðanámskeiða á greiningu á fræðsluþörfum sem fer fram í gegnum vinnu með fagraðinu. Fagraðið skipa fulltrúar frá Sjúkraliðafélagi Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Fjölbrotaskólanum í Ármúla auk sérfræðinga frá Landlæknisembættinu og Landspítala háskólasjúkrahúsi.

Símennt

Framvegis er aðili að Símennt, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Rétt til aðildar að samtökunum eiga svæðisbundnar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á Íslandi sem sinna símenntun og öðrum verkefnum skv. samningum við félags- og vinnumarkaðsráðneytið. Á vegum Símenntar eru haldnir árlegir vor- og haustfundir þar sem starfsfólk símenntunarmiðstöðvanna ber saman bækur sínar. Símennt stendur vörð um hagsmuni símenntunarmiðstöðvanna og námsmanna þeirra. Stöðvarnar sem eiga aðild að Símennt eru 11 talsins.

Leikn

Leikn er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á landinu og málsvári þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Framvegis á aðild að samtökunum og situr Vigdís Ásmundsdóttir framkvæmdastjóri Framvegis í stjórn Leiknar sem gjaldkeri. Meginstarfsemi samtakanna er að stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annarsvegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hinsvegar. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit),

eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis.

Fjarkennsla og stafræn þróun

Markmið Framvegis er að nýta ávallt þá tækni sem best er til þess fallin að mæta þörfum námsmanna og annarra viðskiptavina miðstöðvarinnar. Starfsfólk og leiðbeinendur héldu áfram að þróa vinnubrögð og stuðla að fjölbreyttum kennsluaðferðum með fulltingi tækninnar. Með nýtingu tækninnar og þróun náms á stafrænu formi er starfsemi Framvegis ekki eins bundin landfræðilegum aðstæðum. Árvekni gagnvart fjölbreyttum þörfum einstaklinga og vinnumarkaðarins er lykillinn að framþróun náms á stafrænu formi.

Kynningar- og markaðsmál

Samfélagsleg ábyrgð er einn af þeim þáttum sem Framvegis hefur lagt áherslu á að sinna markvisst undanfarin ár og eru umhverfismál hluti af þeirri vinnu. Ábyrgðin felur í sér að draga úr pappírnotkun og að kynningarefni Framvegis sé á rafrænu formi. Námsframboð sérhverrar annar er kynnt á vefsíðu miðstöðvarinnar ásamt annarri þjónustu sem miðstöðin býður upp á. Auglýsing er birt á vefsíðu Sjúkraliðafélagsins fyrir hverja önn í samvinnu við félagið til þess að kynna þau námskeið sem gerð eru fyrir sjúkraliða og Gott að vita námskeiðin, sem unnin eru í samvinnu við Sameyki, eru birt í blaði stéttarfélagsins í upphafi annar og á heimasíðu félagsins. Auglýsingar voru birtar í fréttablöðum Sameykis en einnig var birt auglýsing aftan á vaktadagbók Sjúkraliðafélags Íslands eins og undanfarin ár. Gerður var samningur við Aldeilis auglýsingastofu um hönnun á fjölnota auglýsingaefni og áætlun um birtingar á samfélagsmiðlum miðstöðvarinnar. Framvegis birti kynningarefni og fréttir af starfinu á Facebook síðu og á Instagram síðu miðstöðvarinnar. Framvegis tók einnig þátt í þeim viðburðum sem þykja henta til að nálgast markhóp framhaldsfræðslunnar hverju sinni sem og aðra markhópa miðstöðvarinnar.

Ársreikningur 2024

FRAMVEGIS

● ● ● ● Miðstöð símenntunar

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Tekjur		189.945.153	174.464.155
		<u>189.945.153</u>	<u>174.464.155</u>
Rekstrargjöld			
Námskeiða- og kennslukostnaður		64.135.747	50.484.752
Laun og launatengd gjöld		68.662.943	59.282.048
Húsnæðiskostnaður	13	18.458.112	16.556.028
Annar rekstrarkostnaður		20.269.313	15.719.555
Afskriftir	10	1.817.108	2.285.507
		<u>173.343.223</u>	<u>144.327.890</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði		16.601.930	30.136.265
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7	<u>10.155.914</u>	<u>4.973.253</u>
Afkoma ársins		<u><u>26.757.844</u></u>	<u><u>35.109.518</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr	2024	2023
Fastafjármunir	10		
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld og tæki		7.758.180	9.425.019
Hugbúnaður		601.076	751.345
Varanlegir rekstrarfjármunir alls		<u>8.359.256</u>	<u>10.176.364</u>
Fjáreignir	13		
Leigutrygging		2.600.000	2.600.000
Fjáreignir alls		<u>2.600.000</u>	<u>2.600.000</u>
Fastafjármunir alls		<u>10.959.256</u>	<u>12.776.364</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	18.507.449	14.201.258
Aðrar skammtímakröfur		9.329.289	1.106.631
Handbært fé	9	138.245.073	126.931.244
Veltufjármunir alls		<u>166.081.811</u>	<u>142.239.133</u>
Eignir samtals		<u>177.041.067</u>	<u>155.015.497</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2024

Eigið fé og skuldir	Skýr	2024	2023
Eigið fé	11		
Hlutfé		5.202.000	5.202.000
Lögbundinn varasjóður		1.300.500	1.300.500
Óráðstafað eigið fé		162.654.609	135.896.765
Eigið fé alls		<u>169.157.109</u>	<u>142.399.265</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	12	1.682.599	4.583.969
Fyrirfram innheimtar tekjur		0	2.268.871
Ógreidd laun og launatengd gjöld		6.201.359	5.763.392
Skammtímaskuldir alls		<u>7.883.958</u>	<u>12.616.232</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>177.041.067</u>	<u>155.015.497</u>

Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		26.757.844	35.109.518
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	10	1.817.108	2.285.507
Veltufé frá rekstri		<u>28.574.952</u>	<u>37.395.025</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		(12.528.849)	175.332
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		<u>(4.732.274)</u>	<u>3.854.631</u>
		<u>(17.261.123)</u>	<u>4.029.963</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>11.313.829</u>	<u>41.424.988</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð fastafjármuna	10	0	(3.885.763)
		<u>0</u>	<u>(3.885.763)</u>
Breyting á handbæru fé	9	<u>11.313.829</u>	<u>37.539.225</u>
Handbært fé í byrjun tímabils		126.931.244	89.392.019
Handbært fé í árslok		<u><u>138.245.073</u></u>	<u><u>126.931.244</u></u>

Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Framvegis miðstöð símenntunar ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Megin starfsemi félagsins er önnur ótalin fræðslustarfsemi. Lögheimili félagsins er að Borgartúni 20, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í megin atriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Matsaðferðir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

6. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2024	2023
Vaxtatekjur	10.232.441	5.045.598
Vaxtagjöld	(76.527)	(72.345)
	<u>10.155.914</u>	<u>4.973.253</u>

8. Tekjuskattur

Félagið hefur á grundvelli 4. t.l. 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 sótt um undanþágu frá skattskyldu. Félagið hefur frá upphafi rekstrar varið hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hefur það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum. Reiknaður áætlaður tekjuskattur hefur því ekki verið færður til gjalda og skuldar í ársreikning félagsins fyrir árið 2024.

9. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

Árslok 2024:	Áhöld, tæki og innréttingar	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun	25.874.704	3.582.691	29.457.395
Heildarverð í árslok	25.874.704	3.582.691	29.457.395
Afskrifað áður	16.449.685	2.831.346	19.281.031
Afskrifað á árinu	1.666.839	150.269	1.817.108
Afskrifað samtals í árslok	18.116.524	2.981.615	21.098.139
Bókfært verð í árslok	7.758.180	601.076	8.359.256
Afskriftarhlutföll	20-35%	20%	

Vátryggingarverðmæti

Vátryggingaverðmæti áhalda, tækja og innréttinga nam í árslok 12 m.kr.

11. Eigið fé

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Óráðstafað eigið fé 1.1.	5.202.000	1.300.500	135.896.765	142.399.265
Afkoma ársins			26.757.844	26.757.844
Eigið fé 31.12.	5.202.000	1.300.500	162.654.609	169.157.109

12. Viðskiptaskuldir

	2024	2023
Lánardrotnar	1.682.599	4.583.969
	1.682.599	4.583.969

13. Leigusamningar

Félagið leigir húsnæði undir starfsemi sína að Borgartúni 20, 105 Reykjavík sem skilgreint er sem rekstrarleiga í samræmi við reglu reikningsskilaráðs nr. 6 sem gildir um meðferð leigusamninga í reikningsskilum leigutaka. Leigusamningurinn er bundinn vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, er tímabundinn og lýkur án sérstakrar uppsagnar þann 31. ágúst 2026. Leigutaka ber að tilkynna leigusala, í síðasta lagi 6 mánuðum fyrir lokadagsetningu leigusamnings, hvort hann hafi hug á að halda áfram leigu eftir lok leigusamnings. Haldi leigutaki áfram afnotum sínum í átta vikur eftir lok gildistímans og krefjist leigusali ekki rýmingar á eigninni á sama tímabili, telst vera kominn á ótímabundinn leigusamningur með þeim sömu skilmálum og greinir í þessum samningi að því undanskildu að hvorum samningsaðila er þá heimil uppsögn samnings með 6 mánaða fyrirvara. Leigugjöld ársins eru að heildarfjárhæð 12,9 m.kr og eru færð á meðal húsnæðiskostnaðar í rekstrarreikningi.

Skuldbundnar leigugreiðslur í árslok greinast þannig á næstu ár án áhrifa núvirðingar og framtíðarverðbólgu:

Leigugreiðslur 2025.....	13.553.604
Leigugreiðslur 2026.....	9.035.736
	22.589.340